

Skýrsla stjórnar foreldrafélags Álftanesskóla

Kynnt á aðalfundi félagsins 27. september 2007

Starfsemi stjórnar

Stjórnin hittist reglulega í allan vetur. Lögð var áhersla á að styðja við starfsemi skólans í hvívetna, m.a. með aðkeyptum fræðsluerindum, fundum með bekkjarfulltrúum og upplýsingum og hvatningu til foreldra. Jafnframt sá stjórnin um að skipuleggja og stýra ýmsum upþákomum yfir veturinn. Góð samvinna heimilis og skóla er ávallt mikilvæg og ekki síst með stækkandi skóla og uppbyggingu unglingadeildar.

Bekkjarstarf

Bekkjarfulltrúar voru kosnir á námskynningarfundum og er stuðningur kennara við kosningu þeirra mikilvægur og þakkarverður. Ekki náðist að kjósa í alla árganga á þennan hátt, en foreldrafélagið og skólastjórnendur meta það sem svo að þetta sé tilvalinn vettvangur.

30. október var haldinn fundur með öllum bekkjarfulltrúum.

Á fundinum var kynning á nýrri stjórn foreldrafélagsins. Dagskráin fyrir áramót var kynnt auk þess sem bekkjarfulltrúar voru hvattir til að koma hugmyndum sínum og tillögum á framfæri. Bekkjarfulltrúum var skipt í þrjá hópa á fundinum (yngsta stig eða 1.-4. bekkur, miðstig eða 5.-7. bekkur og unglingastig eða 8.-10. bekkur) til að skipuleggja vetrarstarfið og ákveða bekkjarkvöld á haust- og vorönn. Stjórn foreldrafélagsins kynnti á fundinum auk þess hugmyndir að foreldrasamningi. Bekkjarfulltrúar gerðu á fundinum drög að vinsamlegum tilmælum sem send voru öllum foreldrum til skoðunar og samþykktar.

Unglingadeildin hefur aðrar þarfir en yngsta- og miðstig. Þörf er á að halda sérfund með foreldrum barnanna í 8-10 bekk að hausti, í samvinnu við félagsmiðstöðina.

Veturinn 2007-2008 hefur foreldrafélagið áhuga á að útbúa handbækur fyrir bekkjarfulltrúa yngsta-, mið- og unglingastigs í samvinnu við fulltrúa skólans og félagsmiðstöðvar. Sérstök þörf er á að efla foreldrasamstarf í unglingadeild enda hefur það ríkt forvarnargildi ef foreldrar standa saman.

Upplýsingar til foreldra

Gefin voru út tvö fréttabréf, annað í desember 2006 og hitt í maí 2007. Fundargerðir foreldrafélagsins og aðrar upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Jafnframt er bekkjarfulltrúum sérstaklega haldið upplýstum með reglulegum netpóstum.

Öskudagur

Aðkoma foreldra að undirbúningi öskudagsins var mikil og góð og vel gekk að undirbúa stóra daginn. Foreldrafélagið bauð nemendum upp á Lalla töframann og var ekki betur séð en að unga fólkið kynni vel að meta uppákomuna.

Páskabingó

Hið árlega páskabingó foreldrafélagsins var haldið í lok mars. Líkt og áður stjórnaði Andrés Ingólfsson bingóinu eins og honum einum er lagið og verður það seint fullpakkað. Var honum færð gjöf frá foreldrum og nemendum skólans í þakkarskyni. Bingóið var nú þrískipt í fyrsta sinn og var ekki vanþörf á. 10. bekkingar stóðu sig vel í að aðstoða á bingóinu og hlutu þau 50.000 kr. styrk í ferðasjóð fyrir vikið.

Fyrirlestrar

Foreldrafélagið stóð fyrir ýmsum fyrirlestrum í vetur. Tilgangur þeirra er að fræða foreldra og/eða kynna fyrir mikilvægum málefnum sem eru í umræðunni. Ekki síður er tilgangur þeirra að koma á vettvangi þar sem foreldrar hittast. Á öllum fyrirlestrum er kaffihlé þar sem veittar eru léttar veitingar og þá gefst foreldrum tækifæri til að spjalla og kynnast betur. Við foreldrar erum mikilvæg forvörn og eftir því sem við erum betur með á nótunum og erum kunnug öðrum foreldrum því öflugri erum við sem slík.

- Í nóvember hélt Jón Gnarr fyrirlestur um ADHD í boði foreldrafélags Álftanesskóla og leikskólanna Krakkakots og Holtakots. Fyrirlesturinn var vel sóttur og fór Jón á kostum við góðar undirtektir viðstaddra.
- Í janúar heimsótti okkur Ingólfur H. Ingólfsson frá Fjármálum heimilanna www.spara.is og sýndi unglingum og foreldrum þeirra hvernig hægt er að fá meira fyrir peningana sína með ákveðnu hyggjuviti. Almenn ánægja var með þennan fyrirlestur, bæði hjá foreldrum og unga fólkinu.
- Í febrúar stóðu Foreldrafélag Álftanesskóla ásamt foreldrafélögum leikskólanna í samvinnu við Álftanesskóla fyrir kynningu á hugmyndafræði og aðferðum *Uppeldis til ábyrgðar*. Sveitarfélagið Álftanes hefur þessi vinnubrögð að leiðarljósi í öllu starfi með börnum og unglingum. Guðlaug Erla aðstoðarskólastjóri Álftanesskóla og Hildur Karlsdóttir kennari skólans sáu um kynninguna sem var afar áhugaverð og vel heppnuð. Hugmyndir eru um að hafa slíkar kynningar árlega

enda mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um þá aðferðarfræði sem skólinn vinnur eftir.

- Í mars heimsótti Edda Björgvinsdóttur okkur og hélt bráðskemmtilegan fyrirlestur fyrir foreldra um hvernig koma á fram af sjálfsöryggi. Fundurinn var vel sóttur og skemmtu allir sér konunglega enda bráðsmellinn fyrirlesari þar á ferð.
- Í apríl fengum við heimsókn frá Sigríði Björnsdóttur frá samtökunum *Blátt áfram* sem eru samtök sem beita sér fyrir að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. 1 af hverjum 5 stúlkum og 1 af hverjum 10 drengjum eru misnotuð kynferðislega fyrir 18 ára aldur. Þessar tölur eru sláandi og mikilvægt að við foreldrar séum meðvitaðir um hvernig við getum hjálpað börnum í slíkri neyð.

Stuðningur foreldra

Foreldrar og forráðamenn nemenda við Álftanesskóla hafa sýnt það í verki að þeir styðja vel við starfið. Mæting er yfirleitt góð á bekkjarkvöld og aðrar upptökur í skólanum sem og bregðast þeir vel við kalli þegar skólann vantar aðstoð líkt og við undirbúning öskudagsins. Jafnframt hafa þeir brugðist mjög vel við óskum um frjáls framlög til starfsemi foreldrafélagsins og leggja þannig sitt af mörkum við að efla starfið.

Heimili og skóli

Heimili og skóli bauð nemendum í unglingadeild og foreldrum þeirra á leiksyninguna *Hvað ef?* sem haldin var í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Farið var á mjög nýstárlegan og skemmtilegan máta yfir kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna. Margir foreldrar og nemendur nýttu sér þetta góða boð.

Álftanesskóli hefur fulltrúa í fulltrúaráði Heimilis og skóla og situr hann í tvö ár í senn. Fulltrúi okkar 2006-2008 er Guðrún Hanna Hilmarsdóttir.

Foreldrafélagið hefur mikinn áhuga á að útbúa handbók fyrir foreldrafélagið og nýta sér rafræna handbók sem fengin var hjá Heimili og skóla í þeirri vinnu.

Samvinna foreldrafélags og foreldraráðs

Foreldrafélagið leggur til að foreldraráð og foreldrafélag hittist einu sinni á hvorri önn til að miðla upplýsingum og efla samstarf foreldra enn frekar.

Kosning í stjórn

Stjórnarmeðlimir telja æskilegt að hver stjórnarmeðlimur sitji í a.m.k. í tvö skólaár og reynt sé að haga málum þannig að ekki fari öll stjórnin út á sama tíma.

Starfið þetta skólaár hefur verið sérlega blómlegt og ánægjulegt í alla staði. Samvinna stjórnar hefur verið mikil og góð sem og samvinna við stjórnendur og starfsmenn skólans.

Hugmyndabanki

Á starfsárinu komu upp margar góðar hugmyndir. Þó ekki sé hægt að framkvæma allar á starfsárinu er mikilvægt að halda utan um þær. Einnig er áhugi fyrir að halda utan um hugmyndir bekkjarfulltrúa og annarra starfsmanna skólans.

Dæmi um hugmyndir:

- Gera könnun meðal foreldra um líðan barnanna í skólanum og foreldra á skólastarfinu og samvinnu heimilis og skóla.
- Útbúa handbækur fyrir foreldraráð, foreldrafélag og bekkjarfulltrúa. Mælt er með að byrja á bekkjarfulltrúum.
- Halda sameiginlegan fund með foreldrum barna í 8.-10 bekk með það að markmiði að auka samkennd og samvinnu foreldra og efla þannig foreldra sem forvörn.
- Gefa 10. bekkjum gjöf við útskrift. Dæmi: Allir nemendur fá eina plöntu til gróðursetningar. Í samvinnu við skóla og sveitarstjórn að þau fái reit til gróðursetningar. Þannig skilja nemendur eitthvað táknrænt eftir sig.
- Opinn skóli fyrir jólin. 10. bekkur sér um að halda utan um jólaföndur og jólastemningu. T.d. einhvern laugardagsmorgun snemma á aðventu.
- Halda aðalfund foreldrafélagsins að vori.